

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. apríl 2024 í máli nr. 6/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 9. janúar 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili bókaði þjónustu varnaraðila fyrir sig og fimm aðra einstaklinga sem fól í sér umsjón varnaraðila með ferð þann 19. desember 2023 sem nefnist samkvæmt bókunarkvittun „[...]“. Greiddi sóknaraðili varnaraðila alls 119.400 krónur fyrir.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa í aðdraganda kaupanna innt varnaraðila eftir því hvort börn gætu tekið þátt í framangreindri ferð en í hópi sóknaraðila var meðal annars fimm ára drengur. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili upplýst um að aldurtakmark í ferðir væri átta ára. Þá hafi varnaraðili fullyrt að leiðsögumenn á hans vegum könnuðu ekki sérstaklega aldur barna í ferðum og það væri á ábyrgð foreldra að meta hvort barn þeirra væri fært um að taka þátt. Hafi sóknaraðili í kjölfarið ákveðið að panta ferðina einnig fyrir fimm ára drenginn. Við upphaf ferðarinnar hafi umræddu barni hins vegar verið meinuð þátttaka af leiðsögumanni hennar. Sökum þessa hafi faðir drengsins jafnframt hætt við þátttöku. Í kjölfarið hafi sóknaraðili farið fram á endurgreiðslu vegna feðganna en varnaraðili aðeins fallist á 50% endurgreiðslu á greiddu gjaldi vegna þeirra. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi veitt sér rangar upplýsingar í aðdraganda kaupanna og krefst þess í málinu að fá fulla endurgreiðslu á gjaldi vegna tveggja einstaklinga, alls 39.800 krónur.

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa kveður upp úrskurði í málum þar sem ágreiningur er til staðar um kaup á vöru eða þjónustu milli neytanda og seljanda, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Skilyrði þess að kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa kveði upp úrskurð í ágreiningi milli neytanda og seljanda er að raunverulegur ágreiningur sé til staðar í tengslum við tiltekið réttarsamband málsaðila og að málsaðilar hafi hagsmuni af því að leyst verði úr ágreiningnum.

Varnaraðili endurgreiddi kaupverðið til sóknaraðila við meðferð málsins í kjölfar framlagningu kvörtunar sóknaraðila. Af því leiðir að einkaréttarlegur ágreiningur er ekki lengur uppi milli neytanda og seljanda vegna kaupa á vöru eða þjónustu í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga 81/2019.

Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni, sbr. b. liður 2. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

III
Úrskurðarorð

Kvörtun frá, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson